

málalokin yrði. Parker svaraði því eina til, að hann hefði ekki ráðist í það, sem sér væri ekki fært.

Framan af vetrinum var hann heima, og las utan skóla, en um vorið fór hann alfarinn að heiman, varð aðstoðarkennari við prívat skóla í Boston með \$15 kaupi um mánuðinn. En af því varð hann að borga þessa sömu \$10 heim til vinnumanns fyrir föður sinn. En heldur varð hann að leggja hart að sér, til að geta dregið fram lífið á því, sem afgangs var. Samt tókst það, og á hverju vori gekk hann upp við prófin, unz hann lauk við, og hafði þá lesið mest allt utan skóla, því bæði var það, að þótt hann var að heita mátti fast við skólann, þá gat hann ekki verið við yfirheyrslur fyrir því, að hann gat ekki borgað kennslugjaldið, og svo hafði hann öðrum verkum að sinna. Enda, vorið sem hann útskrifaðist, fókk hann enga viðurkenningu fyrir því frá háskólaráðinu sem hinir aðrir piltar, er þá luku við, vegna þess að hann gat ekki borgað „degree“ gjaldið. Fjórir dalir hrukku skammt fyrir mat og klæðnaði, þótt ekki bættist þar við fleira. Nokkrum árum seinna bauð háskólinn honum „degree“ ef hann borgaði einlverja smáþóknun fyrir, er var mikið minna, en kennslugjaldinu nam. En Parker svaraði því á þá leið, að hann hefði ekki getað fengið það, er það hefði getað komið sér að haldi, nú gæti hann komist af án þess, og varð því ekkert af kaupinu.

Um þetta leyti var reist ný kyrkja í Boston í því augnamiði að eyðileggja unitariskar skoðanir meðal fólkssins, og var skipaður við hana sem prestur einn mesti málskörungurinn, er þrenningarmenn áttu í sínum hóp — Dr. Lyman Beecher. Kyrkjan nefndist „Park Street Church“, og stendur hún enn.*

Parker fór þangað nokkuð oft á skólaárum sínum, og kemst hann þannig að orði um Dr. Beecher: „Eg bar djúpa virðingu fyrir hæfileikum, áhuga og einbeittni þessa skörulega manns, er kenndi mér margt þarfst og gott. En svo fór eg þaðan í hvert skifti, að eg hafði enga trú á guðfræði hans. Þess betur sem eg

*) Í uppnefni var hún kölluð „Brimestone corner“ af Harvard piltum. Þessi kyrkja var seld nú fyrir 2 árum verslunarfélagi einu. En Unitarar eiga allar sínar kyrkjur enn.